

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 72/2020

frá 12. júní 2020

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1791 frá 17. október 2019 um breytingu á II., III. og IV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir 1-dekanól, 2,4-D, ABE-IT 56, sýpródíní, dímetenamíð, fitualkóhól, flórþýráxifenbensýl, flúdíoxóníl, flúópýram, mepíkvat, pendímetalín, píkólínafen, pýraflúfenetýl, pýridaben, S-absísínsýru og trifloxýstróbín í eða á tilteknum afurðum ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1792 frá 17. október 2019 um breytingu á II., III. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir amítról, fípróníl, flúpýrsúlfúrón-metýl, ímasósúlfúrón, ísóprótúrón, ortósúlfamúrón og tríasúlfúrón í eða á tilteknum afurðum ⁽²⁾.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fóður og matvæli. Ákvæði löggjafar um fóður og matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og kveðið er á um í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka og í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 4) I. og II. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

I. gr.

Eftirfarandi undirliðum er bætt við 40. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005) í II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„– **32019 R 1791**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2019/1791 frá 17. október 2019 (Stjtið. ESB L 277, 29.10.2019, bls. 1),

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 277, 29.10.2019, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 277, 29.10.2019, bls. 66.

- **32019 R 1792:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2019/1792 frá 17. október 2019 (Stjtið. ESB L 277, 29.10.2019, bls. 66).“

2. gr.

Eftirfarandi undirliðum er bætt við lið 54zzy (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32019 R 1791:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2019/1791 frá 17. október 2019 (Stjtið. ESB L 277, 29.10.2019, bls. 1),

- **32019 R 1792:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2019/1792 frá 17. október 2019 (Stjtið. ESB L 277, 29.10.2019, bls. 66).“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) 2019/1791 og (ESB) 2019/1792, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 13. júní 2020, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 12. júní 2020.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Clara Ganslandt

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.